

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 530/2004 um viðmið við mat Fjármálaeftirlitsins á áhættu fjármálafyrirtækja og ákvörðun um eiginfjárhlutfall umfram lögbundið lágmark.

#### 1. gr.

Í stað núverandi 3. gr. reglnanna komi eftirfarandi:

Fjármálafyrirtæki þarf að jafnaði að geta staðist áföll sem samtímis leiða til niðurfærslu eignaliða samkvæmt eftirfarandi staflíðum a), b), c) og d) og áhrifa á eiginfjárgrunn og áhættugrunn við útreikning á eiginfjárhlutfalli samkvæmt staflíð e) án þess að eiginfjárhlutfallið fari niður fyrir 8%:

	Breytingar- hlutfall
a) Vaxtafryst/virðisrýrð útlán og fullnustueignir, nettó	20%
b) Hlutabréfaeign í innlendum félögum í eigin áhættu	35%
c) Hlutabréfaeign í erlendum félögum í eigin áhættu	25%
d) Markaðsskuldabréfaeign í eigin áhættu	7%
e) Hækkun á gengisbundnum hluta eiginfjár- og áhættugrunns	25%

#### 2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með tilvísun til 2. ml. 2. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaeftirlitinu, 17. febrúar 2006.*

**Jónas Fr. Jónsson.**

**Ragnar Hafliðason.**